

að markmiði sjóðsins yrði betur náð með því að aðrar reglur giltu um það en hér eru settar. 32

17. marz

En markmiði sjóðsins má ekki breyta.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 10. febrúar 1954.

Í stjórn Kvenfélags Akraness:

Þóra Hjartar, form.

Svava Finsen, gjaldkeri.

Helena Halldórsdóttir, ritari.

Í stjórn Kvinnad. Slysavarnafél. Akran.:

Ragna Jónsdóttir, form.

Gíslína Magnúsdóttir, gjaldkeri.

Helga Guðjónsdóttir, ritari.

REGLUGERÐ

33

um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

18. marz

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwich-lengdarhaugsins og á Íslandsmiðum milli 62° og 68° norðurbreiddar og 10° og 28° vesturlengdar, skal lágmarksstærð möskva í öllum þeim netum, sem dregin eru með botni, þar á meðal botnvörpum, vera slík að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

2. gr.

Á öllu hafsvæðinu fyrir norðan 48° norðurbreiddar og milli 42° vesturlengdar og 32° austurlengdar, en að undanteknum þeim svæðum, sem um getur í 1. gr. og sérstakar reglur gilda um eins og þar segir, og að undanteknu Eystrasalti og Beltunum, sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenöre-höfða til Gnibenhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerg-höfða til Kullen, skal lágmarksstærð möskva í öllum þeim netum, sem dregin eru með botni, þar á meðal í botnvörpum, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. grein reglugerðar þessarar.

2. Þó skal eigi teljast ólöglegt að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. greinar, mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gullax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. grein reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt úthyrðis.

33

18. marz

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónu-oddi að sporðsenda:

Porskur (<i>Gadus callarias</i>)	30 cm
Ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>)	27 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	25 —
Langlúra (<i>Glyptocephalus cynoglossus</i>)	28 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	25 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Scophthalmus rhombus</i>)	30 —
Stórkjafra (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	25 —
Lýsa (<i>Gadus merlangus</i>)	20 —
Sandkoli (<i>Pleuronectes limanda</i>)	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu visindalegra rannsóknna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20000.00.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. apríl 1954.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18 3. marz 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. marz 1954.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.